

Betri Garðabær

Verkefnalýsing

Betri Garðabær 2019-2020 er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu um forgangsroðun og úthlutun fjármagns til smærri framkvæmda í nærumhverfi íbúa í Garðabæ. Verkefnið hefst í byrjun árs 2019 og lýkur að hausti 2020. Verkefnið er hugsað sem þróunarverkefni sem þróast áfram með reynslu og árangri, eftir fyrstu umferð verður verkefnið og verkefnalýsing þessi endurskoðuð.

Öll gögn um verkefnið verða aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og allar nánari upplýsingar verða veittar í þjónustuveri Garðabæjar eða á netfanginu gardabaer@gardabaer.is

Markmið

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti árið 2010 lýðræðisstefnu bæjarins og var þar með fyrsta íslenska bæjarfélagið til að setja stefnu í lýðræðismálum. Tilgangurinn með stefnunni var að stuðla að auknum möguleikum íbúa til að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku í málum bæjarins og jafnframt að hvetja íbúa markvisst til að taka þátt í málum sem snúa að sveitarfélaginu. Verkefnið Betri Garðabær er liður í fjölbreyttum lýðræðisverkefnum Garðabæjar. Markmiðið þessa verkefnis er að efla með markvissum hætti lýðræðisleg vinnubrögð í sveitarfélaginu og verja fé til framkvæmda sem byggir á þátttökufjárlagagerð, þar sem íbúar forgangsraða sjálfir fjármagni í framkvæmdir. Með verkefninu koma íbúar hugmyndum sínum varðandi nærumhverfi sitt á framfæri, færa rök fyrir hugmyndum og að lokum ráðstafa fjármagni í hugmyndir sem verða framkvæmdar af sveitarfélaginu. Verkefnið eykur vitund íbúa um gæði í nærumhverfi sínu.

Í fyrstu umferð verkefnisins sem verður nú á vormánuðum verður stuðst við reynslu nágretta sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem hafa farið í samskonar verkefni. Áhersla er lögð á að verkefnið er þróunarverkefni sem verður þróað áfram með íbúum út frá reynslu, ábendingum og þátttöku. Í lok verkefnisins verður unnið endurmat og farið yfir það hvernig verkefnið tókst til, lagðar fram hugmyndir að betrubótum og nýjum útfærslum ef þörf þykir. Reynsla þessa verkefnis mun einnig verða tekin inn í vinnu við endurnýjun á lýðræðisstefnu bæjarins sem á að ljúka haustið 2019.

Stýrihópur

Stýrihópur verkefnisins er byggður upp af þverfaglegum hópi embættismanna. Ábyrgðarmenn verkefnisins eru Gunnar Einarsson bæjarstjóri og Guðjón Friðriksson bæjarritari. Auk þeirra eru í stýrihóp eftirfarandi: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri, Sunna Stefánsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi, Sunna Sigurðardóttir þjónustustjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkfræðingur, Sólveig H. Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur og Vala Hauksdóttir deildastjóri tölvudeildar. Stýrihópur getur kallað til fleiri starfsmenn að verkefninu.

Aðferðafræði

Verkefnið byggir á hugmyndum um að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku. Byggt er á reynslu annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem hafa verið með sambærileg verkefni síðastliðin ár. Þátttökufjárlagagerð veitir íbúum tækifæri til að ákveða og ræða í sameiningu hugmyndir að verkefnum og úthluta fjármagni í framkvæmdir í sveitarfélaginu.

Fjármagn til úthlutunar

Verkefnið er til tveggja ára og er gert ráð fyrir 100 milljónum í framkvæmdir á verkefnum, 50 milljónir eru í fjárhagsáætlun fyrir hvort ár. Fjármagnið er bundið við smærri framkvæmdir í nærumhverfi íbúa í Garðabæ.

Skilmálar verkefna

Hugmyndir íbúa að nýframkvæmdum sem m.a. geta eftir hreyfi- og leikmöguleika og haft jákvæð áhrif á nærumhverfið. Hugmyndir sem hafa áhrif á möguleika til útivistar og samveru, bættu lýðheilsu og aðstöðu til leikja og skemmtunar.

Verkefnin þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að geta átt möguleika á að fara í kosningu:

- Nýtast hverfi eða íbúum bæjarins í heild.
- Vera til fjárfestingar en ekki rekstrar.
- Líftími fjárfestingar skal vera að lágmarki fimm ár.
- Kostnaður einstakra verkefna taki ekki of stóran hluta af heildar fjármagni verkefnisins.
- Tillögur samræmist skipulagi og/eða stefnu bæjarins.
- Vera á fullu forræði Garðabæjar og getur ekki verið háð samráði eða samningaviðræðum við aðrar stofnanir eða sveitarfélög.
- Varði ekki öryggismál sem falla undir lögbundið hlutverk Garðabæjar.

Ferill verkefnis



Hugmyndasöfnun á vef

Hugmyndasöfnun stendur yfir frá 14. mars til 1. apríl 2019. Hugmyndum er safnað rafrænt á hugmyndavef sem rekinn af Íbúar ses. Þar geta íbúar og aðrir lagt fram hugmyndir, rætt hugmyndir og líkað við þær eða hafnað. Á hugmyndavef er hægt að setja inn texta, ljósmyndir, stutt myndbönd og staðsetja hugmyndir á korti.

Hugmyndirnar geta varðað t.d. umhverfi, lýðheilsu, hreyfingu, leik og skemmtun íbúa á öllum aldursbilum.

Þegar hugmynd er sett inn á hugmyndavef þarf að skrá sig inn með netfangi eða Facebook aðgangi, gefa hugmynd nafn, útskýra hana með texta og/eða hljóðupptöku, merkja staðsetningu á kort og gott er að láta mynd og/eða myndband fylgja með. Hægt er að kynna sér hugmyndir annarra, og ræða þær með rökum með eða á móti. Mikilvægt er að hverri hugmynd sé vel lýst, að hún sé skýr og lýsandi, þannig að allir eigi auðvelt með að átta sig á hugmyndinni.

Greinargóð lýsing auðveldar mat og því hvort hún nái athygli annarra íbúa ef hún kemst í kosningu.

4. mars 2019

Starfsmenn geta óskað eftir nánari skýringum varðandi hverja hugmynd og útfært hugmyndirnar í samvinnu við íbúa. Garðabær áskilur sér rétt til að útfæra hugmyndir íbúa nánar ef þess þarf.

Íbúafundur verður haldinn 20. mars 2019 kl. 17:15 í Flataskóla. Þar verður verkefnið kynnt, spurningum svarað og leiðbeiningar veittar við að setja hugmyndir á vefinn.

Úrvinnsla hugmynda - matshópur

Eftir að hugmyndasöfnun lýkur fer matshópur skipaður starfsmönnum bæjarins yfir innsendar hugmyndir út frá skilyrðum verkefnisins og leggur fram ákveðinn fjölda hugmynda á kjörseðil sem búið er að kostnaðarmeta sem íbúar kjósa um í maí. Horft verður til þess að þær hugmyndir sem fara á kjörseðil verði dreift landfræðilega jafnt um sveitarfélagið. Fjöldi hugmynda sem fer á kjörseðilinn verður ákveðinn að lokinni hugmyndasöfnun þegar í ljós kemur hversu margar hugmyndir berast í heild en gera má ráð fyrir að fjöldi hugmynda sem fer í kosningu verði eingöngu hluti þeirra eða um það bil 30 hugmyndir í heild sinni.

Matshópur starfar frá 2. apríl til 5. maí að þeim tíma loknum tekur stýrihópur við hugmyndunum sem hafa verið valdar í kosningu, leggur þær fram í bæjarráði og undirbýr fyrir kosningavef.

Matshópur er skipaður starfsmönnum tækni- og umhverfissviðs með aðkomu annarra sviða bæjarins og útbúnaðar verða vinnureglur fyrir matshóp.

Kjörseðill verður lagður fyrir bæjarráð til kynningar þann 7. maí næstkomandi.

Stýrihópur svarar öllum innlögðum hugmyndum viku fyrir kosningu á hugmyndavef. Hugmyndum verður svarað á eftirfarandi hátt:

- Hugmynd kemst áfram í kosningu
- Hugmynd uppfyllir ekki skilyrði verkefnisins
- Hugmynd er núþegar á framkvæmdaáætlun bæjarins
- Hugmyndin er ekki á forræði bæjarins
- Annað

Kosningar

Þegar verkefnum hefur verið stillt upp á kjörseðil hafa íbúar, sem verða 15 ára á kosningarárinu og eldri, með skráð lögheimili í Garðabæ tækifæri til að úthluta allt að 100 milljónum í verkefni sem þeir vilja sjá framkvæmd í sveitarfélaginu næstu tvö árin. Valið fer fram á sérstöku vefsvæði þar sem notandi auðkennir sig með öruggum hætti, með Íslykli eða rafrænum skilríkjum, þar sem atkvæðið er dulkóðað. Aldrei er hægt að tengja atkvæði við einstaklinga. Kosningavefurinn er frá Íbúar – Samráðslýðræði ses og við uppsetningu og framkvæmd kosninganna er fenginn ráðgjöf frá fyrirtækinu Advania.

Þátttaka er opin öllum þeim sem verða 15 ára á kosningarári og hafa skráð lögheimili í Garðabæ þegar valið fer fram.

Kosningar standa yfir í 12 daga, frá 23. maí til og með 3. júní 2019.

Vakin er athygli á því að ekki er um að ræða íbúakosningu í skilningi 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Yfirkjörstjórn Garðabæjar, sem skipuð er samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998 ber ábyrgð á framkvæmd kosninganna, sker úr um vafaatriði og afgreiðir þær athugasemdir er kunna að berast vegna þeirra. Að auki kemur eftirlitsaðili að kosningunni sem fylgist með því að öllum ferlum sé fylgt. Útbúnar verða reglur um rafrænar kosningar sem verða lagðar fram í bæjarráði.

Útbúnar verða reglur um rafrænar kosningar sem verða lagðar fram í bæjarráði.

Skipurit kosninga (getur tekið breytingum – er enn í vinnslu)

- Kjörstjórn
- Eftirlitsaðili (innri endurskoðun)
- Stýrihópur kosninga
- Reglustjórn
- Ráðgjöf

Fyllt verður út í skipuritið með nöfnum þeirra sem hafa hlutverk í kosningunum um leið og reglur um kosningar verða gerðar.

Framkvæmd verkefna

Undirbúningur framkvæmda fer af stað strax að loknum kosningum. Gera má ráð fyrir að þau verkefni sem þarfnast minni undirbúnings fari strax í framkvæmd. Stefnt er að því að stærri verkefni sem kalla á hönnun og útboð verði lokið í síðasta lagi í ágúst 2020. Ábyrgðarmaður matshóps ber ábyrgð á að framkvæmd verkefna verði lokið í ágúst 2020.

Upplýsingar um stöðu framkvæmda verða aðgengilegar á vef Garðabæjar og verða uppfærðar á þriggja mánaða fresti.

Þeim hugmyndum sem ekki komast áfram í kosningu verður komið áfram á þau svið og nefndir sem þau tilheyra til nánari úrvinnslu og skoðunar. Allar þær hugmyndir sem eru kosnar áfram verða merktar verkefninu eftir því sem kostur er sem og á meðan framkvæmdum stendur.

Aðrar upplýsingar

Ef að einhverjum ástæðum einhver getur ekki notað hugmyndavefinn, sett inn hugmyndir, er hægt að fá aðstoð á meðan hugmyndasöfnun stendur yfir í þjónustuveri á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7. Einnig er hægt að hafa samband við þjónustuver í síma 525 8500 og óska eftir aðstoð.

Verkefnalýsing er sett fram með fyrirvara um breytingar á meðan verkefnið er í vinnslu.

Tímalína

Dagsetningar geta tekið breytingum á meðan verkefnið er enn í undirbúningi.

- **Undirbúningur 12. febrúar til 14. mars 2019.**
 - Verkefnalýsing
 - Tölvukerfi
 - Kynningarefni
 - Kostnaðaráætlun
- **Hugmyndasöfnun 14. mars til 1. apríl 2019.**
 - Íbúar leggja fram hugmyndir á hugmyndavef.
 - Kynningarefni í gangi allan tímann

- Tímalína kynningarefnis verður útbúin
- Kynningarefni verður á vef Garðabæjar, hugmyndavef verkefnisins, fésbókarsíðu Garðabæjar með fréttum og auglýsingum, með fréttum og auglýsingum í Garðapósti, með dreifibréfi til íbúa o.fl.
- Áhersluatriði kynningarefnis
- Vekja áhuga og hvetja til þátttöku
- Ná til allra aldurshópa
- Hvetja til rökræðu og umræðu í hugmyndaferlinu
- Íbúafundur 20. mars 2019.
- **Úrvinnsla hugmynda 1. apríl til 10. maí 2019.**
 - Fyrsta úrvinnsla 1. apríl 2019
 - Fellur undir skilyrði verkefnis
 - Nýttast hverfi eða íbúum bæjarins í heild
 - Vera til fjárfestingar en ekki rekstrar
 - Líftími fjárfestingar skal vera að lágmarki fimm ár
 - Tillögur samræmist skipulagi og/eða stefnu bæjarins
 - Vera á fullu forræði Garðabæjar
 - Varði ekki öryggismál sem falla undir lögbundið hlutverk Garðabæjar
 - Matshópur
 - Kostnaðarmetur
 - Leggur til hugmyndir í kosningu
 - Leitast við að tryggja að verkefni sem kosið verður um séu landfræðilega nokkuð jafn dreift um sveitarfélagið.
- **Kosningaundirbúningur 12. febrúar til 10. maí 2019.**
 - Sérfræðingar í framkvæmd rafrænna kosninga úr hugbúnaðardeild Advania sjá um úttekt á kóða kosningakerfis, fyrir og við framkvæmd kosninga. Einnig munu þeir hafa eftirlit með tengingu við kjörskrá og hvernig rafrænni auðkenningu kjósenda er háttað. Eftir talningu atkvæða munu sérfræðingar stemma af kjósendur í atkvæðagreiðslunni m.v. þá kjósendur sem auðkenndu sig í kosningunni. Þeir munu einnig veita almenna ráðgjöf varðandi ferla, framkvæmd kosningarinnar og tilkynna kjörstjórn um frávik.
 - Útbúa reglur um rafrænar kosningar og kjörstjórn
- **Kosningar 23. maí til 3. júní 2019.**
 - Um 30 hugmyndir á kjörseðli, ákvörðun um fjölda hugmynda verður tekin að lokinni hugmyndasöfnun
 - Texti með hverri hugmynd
 - Staðsetning hugmyndar
 - Fjármagn hvernar hugmyndar
 - Tengill við upphaflega hugmynd á hugmyndavef
 - Gefa einu verkefni aukið vægi
- **Niðurstöður kosninga kynntar 4. júní 2019.**
 - Fréttatilkynning
 - Vefur uppfærður
 - ...
- **Framkvæmdir 10. júní 2019 til 31. ágúst 2020.**
 - Uppfæra reglulega stöðu framkvæmda

4. mars 2019

- Merkja framkvæmdarstaði á meðan framkvæmdum stendur
- Merkja framkvæmdir að framkvæmdum loknum

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026